

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 12/2009**

**frá 5. febrúar 2009**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2008 frá 5. desember 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB frá 23. október 2007 um útgáfu skírteina fyrir lestarstjóra sem keyra eimreiðar og lestir í járnbrautarkerfi Bandalagsins <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 881/2004) í XIII. viðauka við samninginn:

„42g. **32007 L 0059**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB frá 23. október 2007 um útgáfu skírteina fyrir lestarstjóra sem keyra eimreiðar og lestir í járnbrautarkerfi Bandalagsins (Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 51).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði 6. mgr. 22. gr. gilda ekki.

b) Staflíður c) í 2. lið I. viðauka hljóði svo:

„auðkenni EFTA-ríkisins sem gefur út skírteinið, prentað í svörtum lit og umlukt svartri sporöskju. Auðkennin skulu vera sem hér segir:

IS: Ísland

FL: Liechtenstein

N: Noregur“

c) Í stað orðanna „fyrirmynd Evrópubandalaganna“ í staflíð e) í 2. lið I. viðauka komi orðin „EES-fyrirmynd“.

*2. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 5, 29.1.2009, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 51.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/59/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.